

Efni: Sumarfrístund fyrir börn í Garðabæ

Óskað er eftir að sveitarfélagið Garðabær taki til skoðunar að bjóða sumarfrístund fyrir börn sem eru í 1.-4. bekk grunnskóla frá og með næsta sumri. Gott væri að opnunartími væri frá skólaslitum grunnskóla til næsta virka dags eftir verslunarmannahelgi hvers árs og fram að skólasetningu. Vistunartími yrði valkvæður frá 08:00-17:00 alla virka daga en líkt og er í leikskóla væri hægt að hafa aukagjald fyrir vistun frá 8:00-9:00 og frá 16:00-17:00.

Sveitarfélagið Garðabær stendur sig afar vel gagnvart sínum íbúum í mörgum þjónustupáttum en því miður er það ekki svo hvað varðar aðgengi barna að frístund yfir sumartímann. Launþegar fá aðeins um fjórar til fimm vikur í orlof á ári sem dugar engan veginn til að brúa sumarið þó svo að foreldrar taki sumarleyfi sitt í sitthvoru lagi sem er hvorki fjölskylduvænt né lýðheilsuvænt.

Þessi veruleiki veldur fjölskyldum sveitarfélagsins bæði kvíða og áhyggjum mörgum mánuðum fyrir skólaslit sem hefur áhrif á líðan allra í fjölskyldunni. Börnin fá ekki að njóta samveru við báða foreldra sína eins og grunnhugsun um sumarleyfi er sett upp.

Hér að neðan eru upplýsingar um hvað er í boði hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og hins vegar upplýsingar um hvað Garðabær býður uppá.

Hafnarfjörður

Hafnarfjörður býður uppá sumarfrístund fyrir börn frá 1.-3. bekk. Sumarfrístund inniheldur fjölbreytta dagskrá sem samanstendur af skapandi verkefnum, leikjum, hreyfingu, spennandi ferðum, sundferðum og sameiginlegum viðburðum. Dagskrá getur verið breytileg eftir hvaða frístundaheimili er valið. Námskeiðin eru þrískipt – hægt er að kaupa vistun eftir því sem hentar. Vistunartíminn er valkvæður frá 8:00-16:30 alla virka daga og er hægt að kaupa hálfan dag eða heilan. **Í boði samvera (vistun) frá kl. 8-9 og 12-13 skráða daga, foreldrum og forráðamönnum að kostnaðarlausu.** Börnin koma með hádegismat að heiman og nesti fyrir morgun- og síðdegishressingu

Pátttökugjaldi er stillt í hóf og er minnst hægt að greiða viku í senn. Veittur er 50% systkinaafsláttur þegar systkini eru á sama námskeiði sömu vikuna.

- 1). Hver vika, hálfur dagur (frá kl. 9:00 – 12:00 eða 13:00 – 16:00) kr. 4.570.-**
- 2). Hver vika, allur dagurinn (frá kl. 9:00 – 16:00) kr. 9.192.-**

Hægt að skoða nánar t.d. hér <https://www.fristund.is/namskeid/sumarfristund-hafnarfirdi>

Reykjavík

Sumarfrístund er í öllum frístundarheimilum Reykjavíkurborgar fyrir 1.-4. bekk. Opnun sumarfrístundarinnar er frá 14. júní til og með 20. ágúst hvert ár. **LOKAÐ Á SUMUM FRÁ 12. JÚLÍ TIL 6. ÁGÚST.** Frábær uppsetning hjá þeim og hver vika ber sitt þema. Hjá Rvk eru námskeiðin seld í vikum en ekki hver dagur. Dagskráin þeirra telur frá kl. 9:00-16:00 en hægt er að kaupa vistun frá 8:00-9:00 og svo frá 16:00-17:00. Greitt er aukalega fyrir þann tíma. Sjá dæmi um verð hjá þeim hér að neðan.

Lýsing	Skýring	Verð
Sumarnámskeið 6-9 ára - 5 dagar	Kl. 9-16	9.620
Viðbótarstund 1 klst. - 5 dagar (kl. 8-9 eða kl. 16-17)		2.805
Sumarnámskeið 6-9 ára - 4 dagar	Kl. 9-16	7.700
Viðbótarstund 1 klst. - 4 dagar (kl. 8-9 eða kl. 16-17)		2.245
Sumarnámskeið 6-9 ára - 3 dagar	Kl. 9-16	5.780
Viðbótarstund 1 klst. - 3 dagar (kl. 8-9 eða kl. 16-17)		1.685
Sumarnámskeið 6-9 ára - 2 dagar	Kl. 9-16	3.855
Viðbótarstund 1 klst. - 2 dagar (kl. 8-9 eða kl. 16-17)		1.120
Sumarnámskeið 6-9 ára - 1 dagur	Kl. 9-16	1.925
Viðbótarstund 1 klst. - 1 dagur (kl. 8-9 eða kl. 16-17)		565

Hægt er að skoða nánar t.d. hér <https://fristund.is/namskeid/sumarfristund-6-9-ara>
Einnig er hægt að skoða nánar á hverju frístundarheimili fyrir sig.

Kópavogur

Lögð áhersla á öryggi og kunnuglegt umhverfi í bland við lærdóm, leik og gleði. Mikill metnaður er settur í að hafa dagskránnar fjölbreytta og skemmtilega þannig að allir finni sér eitthvað við hæfi. Sumarfrístund byggist á útivist, hreyfingu, leikjum, ferðum og ýmsum ævintýrum. Einnig er lesið, fönðrað, spilað og stuðlað að frjálsum leik.

Vika í senn frá 14. júní og hver vika kostar kr. 10.200 og er boðið uppá gæslu milli kl. 8-9 og 16-17 og greitt er aukalega fyrir það kr. 500 per klst.

Hér er hægt að skoða nánar t.d. hér <http://sumar.kopavogur.is/sumarfristund/>

Garðabær

Engin sumarfrístund frá 9. júní til 25. ágúst.

Tek því saman hér nokkur dæmi um námskeið sem eru í boði innan Garðarbæjar og Álftanes.

Stjarnan. Félag er með íþróttanámskeið sem er yfirleitt í viku í senn og kostar frá 5.000-12.000 kr. per viku. Námskeiðið er aðeins fyrir eða eftir hádegi og þá til klukkan 11:00 fyrir hádegi og svo 15:00 eftir hádegi.

Draumar söngleikjanámskeið. Hvert námskeið eru 10 dagar og kostar kr 24.000. Aðeins í boði hálfan daginn í senn.

UMFA, knattspyrna. Vika í senn sem kostar kr 5.000. Er frá kl. 8:45-11:45.

Listasmiðjan Álftanesskóla. Hvert námskeið eru 10 dagar og kosta 20.000 kr en er aðeins í boði hálfan daginn í senn.

Skátafélagið Svanir. Vikan kostar 16.000 kr og er ekki fullan dag eða frá kl. 9:00-15:00

Í minni fjölskyldu með eitt sex ára gamalt barn var dæmið svona í sumar. Við eigum orlof í 5 vikur en okkar vinnutími er frá 8-16:00 og við þurfum bæði að komast til og frá vinnu. Frá skólaslitum þurftum við að brúa bilið til 1. júlí þegar við fórum í frí og svo aftur frá 6. ágúst til 25. ágúst. Með góðum vilja okkar og skilningi atvinnurekenda okkar náðum við að púsla saman námskeiðum fyrir og eftir hádegi til 13. ágúst þannig að annað hvort okkar var fjarverandi frá vinnu alla daga frá kl. 8-9, 11-13 og 15-16. Engin námskeið voru í boði á tímabilinu 13. ágúst til 25. ágúst sem kallaði á launalaust leyfi. Kostnaður vegna námskeiðanna var hár og barnið í nýjum og ókunnugum aðstæðum með tilheyrandi kvíða og jafnvel vanlíðan.

Kostir sveitarfélagsins við að bæta þjónustu barnafjölskyldna eru m.a. þessir:

- ✓ Mikil uppbygging er í Garðabæ og verður sveitarfélagið enn fýsilegri kostur fyrir fjölskyldufólk sem sækir í öryggi.
- ✓ Garðabær mun standa jafnfætis ef ekki framur en önnur sveitarfélög er varðar barnafjölskyldur. Viljum vera fyrsta val fólks er varðar val á búsetu.
- ✓ Aukin störf fyrir Garðabæ að bjóða ungmennum sem vilja vinna með börnum sumarstörf.
- ✓ Þjónustugjöld renna til bæjarins en ekki til annarra.
- ✓ Ánægðari íbúar/foreldrar þar sem kvíði og fjárhagsáhyggjur minnka til muna. Einnig yrði ómæld gleði ef fjölskyldur næðu að njóta sumarleyfis síns saman.
- ✓ Ánægðari og glaðari börn með minni kvíða þar sem þau væru áfram í sínu nærumhverfi sem leiðir af sér betri lýðheilsu sem leiðir af sér betri námsárangur og svo koll af kolli.

Vonast er til að sveitarfélagið sjái hag sinn í að bæta þessari þjónustu inni þegar mjög góða þjónustu við íbúa Garðabæjar og sjái mikilvægi hennar í öllum hverfum bæjarfélagsins. Með þeirri samþykkt myndi sveitarfélagið fá enn betra sveitarfélag. Hamingjusamari fjölskyldur með betri lýðheilsu sem getur sparað mikinn kostnað þegar fram í sækir.

Meðfylgjandi eru rafrænar undirritanir **373** íbúa Garðabæjar sem myndu sýna þessu samþykki mikið þakklæti. Aðeins var undirritunarlistinn aðgengilegur í 7 daga en náði þó þeim hæðum á þeim tíma sem sýnir vonandi þessa brýnu þörf.

Hægt er að skoða nánar hér https://www.change.org/p/gar%C3%B0ab%C3%A6r-sumarfr%C3%ADstund?recruiter=1173838498&utm_source=share_petition&utm_medium=facebook&utm_campaign=share_petition&utm_term=share_petition&recruited_by_id=32c085d0-54d4-11eb-8127-6dee5a945ebd&utm_content=fht-29390155-en-us%3A2

Með virðingu og þakklæti

Eva Dögg Guðmundsdóttir
Íbúi Garðabæjar